

Í þínum höndum

Nokkur sannleikskorn um endurvinnslu



Í ÞÍNUM HÖNDUM

Á undanförunum árum hefur umhverfisvitund fólks aukist og margir vilja leggja sitt af mörkum í þágu umhverfisins. Í mörgum tilfellum er þó erfitt fyrir hinn almenna neytanda að sjá bein áhrif eigin hegðunar á umhverfið. Hversu miklu máli skiptir það að ég sleppi því að keyra í skólann eða vinnuna þegar allir aðrir gera það? Á ég að nota blyant eða kúlupenna? Er enduruninn pappír meira mengandi en annar? Á að rækta korn til mannelis eða til orkugjafa? Er hægt að kolefnisjafna umhverfið með trjárækt? Umhverfisvernd þarf síður en svo að vera flókin – og lausnirnar eru til staðar.

Eitt nærtækasta dæmið sem snertir okkur öll er úrgangsmyndun en myndun úrgangs hefur undanfarin ár aukist hröðum skrefum á Íslandi samfara vaxandi velferð. Úrgangur skapar mörg umhverfisvandamál þar sem stærsti hluti þess sem við hendum er grafinn í jörðu (urðaður) eða brenndur. Ein leið til þess að breyta rétt gagnvart umhverfinu væri því að flokka heimilissorp til endurvinnslu.

Íslendingar hafa smám saman verið að innleiða tilskipanir Evrópusambandsins (ESB) í úrgangsmálum en stefna ESB er að minnka urðun á lífrænum úrgangi.

Í fjölda Evrópuríkja endar meirihluti sorps enn á haugunum – t.d. á Ítalíu, Spáni, Bretlandi og Frakklandi, þar sem urðunarhlutfallið er yfir 60%. Í þeim löndum þar sem ástandið er hvað best fara hins vegar 10% af heildarúrgangi í urðun, 25% til orkuvinnslu og 65% til endurvinnslu. Íslendingar eiga enn langt í land með að ná þeim árangri. Á árinu 2007 var um 21% af heimilissorpi íbúa á höfuðborgarsvæðinu dagblaðapappír. Um 60% af öllum dagblaða- og tímaritapappír frá fyrirtækjum og heimilum fór til urðunar og 40% skilaði sér til endurvinnslu.


Umhverfisvernd ætti ekki að vera í höndum fárra útvalinna. Eigi árangur að nást þurfa allir í samfélaginu að láta sig málið varða og taka þátt. Það er á ábyrgð okkar, hvers og eins, að stuðla að minni mengun og betri nýtingu auðlinda. Á þann hátt aukum við lífsgæði okkar og komandi kynslóða.

LANDSÁÆTLUN UM MEÐHÖNDLUN SORPS

Umhverfisstofnun ber lögum samkvæmt að semja landsáætlun um meðhöndlun sorps. Markmið áætlunarinnar er að draga markvisst úr myndun úrgangs, auka endurnotkun og endurnýtingu hans og minnka þannig magn úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar. Áætlunin tekur mið af árinu 1995 og segir til um að árið 2009 megi það magn lífræns úrgangs sem urðað er aðeins vera 75% af því sem það var árið 1995, 50% árið 2013 og árið 2020 þurfi heildarmagnið að vera komið niður í 35%. Til þess að þetta verði að veruleika er ljóst að þörf er á átaki.

ÚRGANGURINN ER DÝRMÆT AUÐLIND

Ýmsar náttúruauðlindir jarðar, t.d. skógar, jarðolía, jarðvegur og málmur, eru notaðar til að framleiða þær vörur sem við kaupum og þær eru ekki óendanlegar. Þegar notuð vara er endurunin er henni breytt í nýja vöru án þess að gengið sé á náttúruauðlindir. Úrgangur er því verðmætt hráefni sem með endurvinnslu kemur aftur inn í hringrás framleiðsluferilsins. Sem dæmi má nefna að þegar áldós fer á urðunarstað og er grafin þar í jörðu ásamt öðru sorpi er hún ekki lengur verðmætt hráefni, þar sem ekki er hægt að nýta álið í henni í nýja dós.



- Hver íbúi á höfuðborgarsvæðinu fleygir að meðaltali um 223 kílóum af úrgangi í tunnuna á ári.
- Innflutningur og framleiðsla á pappa og pappír var 19.000 tonn árið 2006. Skil til endurvinnslu voru 9.000 tonn (ca 48%).
- Innflutningur og framleiðsla á plasti var 12.000 tonn árið 2006. Skil voru 470 tonn (ca 4%).

- Allt í kringum okkur eru hlutir sem eru orðnir úreltir og við getum ekki notað lengur, t.d. dagblaðið frá því í gær og ýmsar umbúðir utan af matvællum. Efnin sem þessir hlutir eru búnir til úr er hins vegar hægt að nýta aftur – endurvinna. Í staðinn fyrir að henda þessum hlutum í ruslatunnuna getum við flokkað þá og skilað þeim til endurvinnslu.
- Vissir þú að það má endurvinna bylgjupappakassa allt að sjö sinnum?

ÁVINNINGUR AF ENDURVINNSLU

- Nýtir hráefni og viðheldur hringrás efna í náttúrunni
- Dregur úr urðun og sparar þannig landsvæði
- Dregur úr ýmiss konar umhverfismengun
- Orka sparast
- Það er ódýrara fyrir samfélagið að endurvinna en urða
- Gerir okkur meðvituð um eigin neyslu
- Minnir okkur á að við erum ábyrg fyrir umhverfi okkar
- Ferðum með ruslapoka út í tunnu fækkar
- Minna sorp – meiri verðmæti!

BYRJADU AÐ ENDURVINNA Í FJÓRUM EINFÖLDUM SKREFUM

Skref 1 – TAKTU ÁKVÖRDUN

Taktu ákvörðun um hvaða úrgang þú ætlar að flokka og skila til endurvinnslu. Vel gæti reynst að byrja smátt en bæta svo smám saman við eftir því sem þú venst hugmyndinni.

Skref 2 – KYNNTU ÞÉR SAFNSTÖÐVARNAR

Á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is, má finna upplýsingar um allar safnstöðvarnar á landinu. Hvar er þín safnstöð? Þar er einnig hægt að finna hvaða kosti sveitarfélagið þitt býður og hvort og þá hvaða gámafyrirtæki bjóða þjónustu sína.

Skref 3 – MERKTU VIÐ Á DAGATALINU

Nokkur fyrirtæki og sveitarfélög bjóða upp á flokkunartunnur fyrir endurvinnanlegan úrgang við heimahús. Þannig getur þú sparað þér sporin og látið sækja flokkaðan úrgang heim gegn vægu gjaldi. Skráðu hjá þér hvenær flokkunartunnurnar eru tæmdar í þínu sveitarfélagi. Nánari upplýsingar má nálgast á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is.

Skref 4 - FLOKKAÐU

Flokkun þarf ekki að taka mikið pláss og hún þarf ekki að kosta neitt. Dagblöðum og öðrum pappír má safna í pappakassa. Gosflöskur má setja í poka eða pappakassa. Þeir sem vilja geta keypt flokkunarkassa úr plasti sem hægt er að stafla upp og einnig fást flokkunarílát undir eldhúsvask.

MIKILVÆGT AÐ VANDA FLOKKUN

Miklu máli skiptir að vanda flokkun endurvinnanlegs úrgangs og flokka rétt. Ef úrgangur er blandaður getur hann ekki nýst sem hráefni í nýjar vörur og fer á urðunarstað. Einnig þarf að gæta þess að engir aðskotahlutir séu með úrganginum því þeir geta valdið skemmdum á vélum og vélbúnaði og jafnframt haft neikvæð áhrif á endurvinnslu hráefnisins.

HVAÐ Á AÐ FLOKKA TIL ENDURVINNSLU?

Hvert sveitarfélag fyrir sig setur reglur um móttöku, flokkun og eyðingu úrgangs. Í öllum sveitarfélögum hér á landi er tekið á móti spilliefnum og langflest þeirra taka við flokkuðum pappír, flöskum, timbri, fatnaði, húsbúnaði og garðaúrgangi. Lyfjum er hægt að skila í apótek um allt land.

HVAÐ ERU SPILLIEFNI OG HVERT SKILUM VIÐ ÞEIM?

Spilliefni eru úrgangur sem getur valdið umhverfi og heilsu manna miklu tjóni og því mikilvægt að þeim sé fargað á réttan hátt. Hægt er að hafa samband við skrifstofu sveitarfélags eða sorpstöðvar og fá upplýsingar um hvaða reglur gilda um förgun spilliefna í sveitarfélaginu.

LEIÐARLJÓS

Gott er að hafa að leiðarljósi:

- Að flokka jafnóðum
- Að draga úr sorpi / nota minna
- Að skapa / nýta efnisleg verðmæti
- Að gera sér grein fyrir hvaða áhrif við höfum á umhverfið og hver sé ábyrgð einstaklingsins á magni, samsetningu og viðunandi förgun úrgangs
- Að vera meðvituð um neysluvenjur
- Að efla ábyrgð gagnvart umhverfinu



- Sum sveitarfélög tengja sorphirðugjöld við magn úrgangs sem kemur frá heimilum þannig að fjárhagslegur ávinningur er af því að flokka og skila til endurnýtingar.

- Algengustu spilliefni á heimilum:
 - Lyf
 - Lím
 - Olía
 - Skordýraeitur og önnur eiturefni
 - Rafhlöður og rafgeymar
 - Blettaeyðir, hreinsilögur, klósetthreinsir og stíflueyðir
 - Lakk, málning, tjöruhreinsir, vitissódi og þynnir
 - Kvikasilfur - t.d. í hitamælum
 - Framköllunarvökvi, „tipp-ex“ og naglalakk
 - Klór eða klórmenguð efni